Fjórðungssamband
Vestfirðinga

*Árneshreppur*
*Bolungarvíkurkaupstaður*
*Ísafjarðarbær*
*Kaldrananeshreppur*
*Reykhólahreppur*
*Tálknafjarðarhreppur*
*Strandabyggð*
*Súðavíkurhreppur*
*Vesturbyggð*

Ísafirði 7.maí 2021

**Boðun á 66. Fjórðungsþings Vestfirðinga, 2. júní 2021.**
Með vísan til 9. greinar samþykktar Fjórðungssambands Vestfirðinga er hér með boðað til 66. Fjórðungþings Vestfirðinga en stjórn samþykkti þann 28. apríl s.l. að þingið skyldi haldið 2. júní nk.

*8. grein. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal undirbúa og hafa umsjón með Fjórðungsþingi að vori, ár hvert. Stjórnin leggur fyrir Fjórðungsþing endurskoðaða og áritaða ársreikninga, endurskoðaða fjárhagsáætlun líðandi árs og undirbýr önnur mál fyrir þingið. Bæði ársreikningarnir og endurskoðuð fjárhagsáætlun skulu hafa verið send sveitarstjórnum eigi síðar en 15 dögum fyrir Fjórðungsþing. Á dagskrá Fjórðungsþings að vori skulu vera þessi mál;*
*1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga, sem FV ber ábyrgð á.*
*2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstrareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.*
*3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir líðandi starfsár.*
*4. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.*
*5. Önnur mál löglega fram borin.*
*6. Frestun Fjórðungsþings Vestfirðinga*

**Þingið verður haldið miðvikudaginn 2. júní 2021 í Hótel Bjarkalundi, Reykhólahreppi.**

Dagskrá þingsins með nánari tímasetningum verður kynnt síðar vefslóðinni https://www.vestfirdir.is/is/moya/page/gogn-fyrir-vorthing-2022 ásamt öðrum gögnum er varða þingið.

Að þessu sinni er gert ráð fyrir staðfundi með möguleika á streymi fyrir þá sem vilja fylgjast með en ekki verður möguleiki á að taka þátt í atkvæðagreiðslum í fjarfundi. Þingið er frá kl.10-12 og hefst skráning kl. 9:30. Í undirbúningi er einnig dagskrá samkoma sveitarstjórnarmanna í aðdraganda þingsins daginn fyrir þingið, verður það auglýst síðar.

Upplýsingar varðandi gistingu hefur verið send á sveitarfélögin og er óskað eftir að þau láti Vestfjarðastofu í té upplýsingar á tölvupóstfang lina@vestfirdir.is um fjölda sem ætla að gista og ef um sérstakar óskir eru að ræða varðand gistiaðstöðu.

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri